

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 22. júní 2021:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að Reykjavíkurborg verði í fararbroddi í menntamálum og heildstæð náms- og starfsráðgjafaráætlun verði mörkuð fyrir árin 2020-2030. Lagt er til að Reykjavíkurborg setji í forgang að marka heildstæða náms- og starfsráðgjafaráætlun og efla náms- og starfsfræðslu í grunnskólum borgarinnar fyrir 1. – 10. bekk sem lið í að framfylgja nýrri menntastefnu fyrir árin 2020-2030. Með slíku frumkvæði væri Reykjavíkurborg að sýna ákveðið fordæmi í menntamálum. Ekkert sveitarfélag hefur markað sér stefnu í náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu með þessum hætti.

Greinargerð

Ný menntastefna Reykjavíkurborg varðar leiðina inn í framtíðina með ákveðnum leiðarljósum og markmiðum. Grundvallarleiðarljósinn eru *Barnið sem virkur þátttakandi og Fagmennska og samstarf í öndvegi* og markmiðin *Félagsfærni – Samfélagsleg ábyrð og virkni* og *Sjálfsefning – Sterk sjálfmynd og trú á eigin getu* (<https://reykjavik.is/menntastefna-til-2030-latun-draumana-raetast>). Heildstæð náms- og starfsráðgjafaráætlun og efling náms- og starfsfræðslu væri liður í að raungera stefnuna.

Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um menntastefnu fyrir árin 2021-2030 undir einkunnarorðunum „framúrskarandi menntun alla ævi“ (<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/03/26/Menntastefna-samthykkt-a-Althingi/>). Þar eru fimm meginþættir nefndir í lið C segir – *Hæfni fyrir framtíðina*, þar sem meðal annars verður lögð áhersla á starfs-, iðn- og tækninám og náms- og starfsráðgjöf.

- A. Jöfn tækifæri fyrir alla.
- B. Kennsla í fremstu röð.
- C. Hæfni fyrir framtíðina.
- D. Velliðan í öndvegi.
- E. Gæði í forgrunni.

Í nefndaráli allsherjar- og menntamálnefndar um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030 kemur meðal annars eftirfarandi fram um lið C.

„Nefndin leggur áherslu á að þegar rætt er um starfs-, iðn- og tækninám sé öllu ungu fólki boðið upp á starfsnám við hæfi og að grunnskólanemendur fái kennslu og þeim sé veitt innsýn í iðn- og tæknigreinar. Afar mikilvægt er að náms- og starfsfræðsla verði með skipulögðum hætti þannig að nemendur fái sem besta fræðslu um námsleiðir og starfsmöguleika”

Einnig væri Reykjavíkurborg með því að efla náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu að styðjast þá við það sem kemur fram í aðalnámsskrá grunnskóla (2013) um náms- og starfsráðgjöf. En þar segir “Markmið: Náms- og starfsráðgjöf felst í því að liðsinna nemendum við að finna hæfileikum sínum, áhugasviðum og kröftum farveg. Mikilvægt er að nemendur fái aðstoð við að leita lausna ef vandi steðjar að í námi þeirra eða starfi í skólanum. Náms- og starfsráðgjafar geta aðstoðað nemendur við að vinna úr upplýsingum um nám sitt og leiðbeint þeim við áframhaldandi nám og starf. Jafnrétti ber að hafa að leiðarljósi í náms- og starfsfræðslu með því að kynna piltum og stúlkum fjölbreytt námsframboð að loknum grunnskóla og störf af ýmsu tagi. Leitast skal við að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Nauðsynlegt er að kynna fyrir nemendum ný störf og þróun starfa sem fylgja breytingum í nútímasamfélagi”.

Með ákvörðun um að gera heildstæðar náms- og starfsráðgjafaráætlanir og efla náms- og starfsfræðslu innan grunnskólanna væri Reykjavíkurborg að stíga mikilvægt og stórt skref í þá átt að búa börn undir framtíðina með það veganesti að búa yfir sjálfsþekkingu og hafa trú á eigin getu, búa yfir færni til að stjórna eigin náms- og starfsferli og geta haft áhrif á samfélagið í nútíð og framtíð.